

Nd.

266. Frumvarp til laga

[145. mál]

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

Flm.: Sigurður Magnússon, Eðvarð Sigurðsson, Bjarni Guðnason.

1. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Er námssamningur kemur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skal hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist Iðnnemasambandi Íslands. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs lágmarkslaunum iðnnema í viðkomandi iðngrein, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð. Greiðist það í eitt skipti fyrir öll.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vitað er, að ýmis ákvæði iðnfræðslulaganna um skyldur iðnfyrirtækja eða iðnmeistara við nemendur sína hafa ekki verið framkvæmd sem skyldi. Margt hefur orðið til þess að hamla rétttri framkvæmd laganna og verður ekki upptalið hér, en fullyrða má, að allt raunverulegt kennslueftirlit sé örðugt, eins og kerfið er byggt upp, með núgildandi vinnustaðanámi hjá iðnfyrirtækjum eða iðnmeisturum. Fjárveitingar ríkisvaldsins til iðnfræðsluráðs, sem samkvæmt lögunum ber að annast framkvæmd laganna, hafa og löngum verið ónógar. Af þeim sökum má ætla, að aldrei hafi reynt til fulls á ýmis ákvæði laganna, sem sett voru í þessu skyni, svo sem ákvæðin um iðnfulltrúa og verksvið þeirra. Þessar staðreyndir auka að mun nauðsyn þess, að allir aðilar iðnaðarins og samtök þeirra hafi nána samvinnu og samstarf við iðnfræðslufirvöld. Polendur iðnfræðslulaganna eru iðnnemarnir, á þeim bitna helzt meinbugir laganna, þannig koma flestar kvartanir um framkvæmd laganna úr þeirra hópi.

Iðnnemasamband Íslands, sem eru einu landssamtök íslenskra iðnnema, hefur mikla sérstöðu meðal samtaka iðnaðarins, þar sem fjárhagsleg geta þess er mjög lítil. Iðnnemar, sem meira og minna eru virkir aðilar í framleiðslu atvinnulífsins, eru mesta lágláunastétt þjóðfélagsins og samtök þeirra áhugasamtök og um margt ólík hinum eiginlegu stéttarfélagum eða félagum iðnmeistara. Samtökin hafa t. d. ekki getað haldið uppi starfsmanni eða reglulegu skrifstofuhaldi, sem þó er nauðsynlegt.

Ljóst er því, að um leið og endurskoða þarf til grunna lög in um iðnfræðslu með það fyrir augum m. a. að tryggja örugga framkvæmd laganna, er brýn nauðsyn að tryggja samtökum iðnnema sjálfra það bolmagn, að þau geti sjálf á hverjum tíma fylgt sem best með framkvæmd þeirra. Þau þurfa að geta veitt iðnnemum ráðleggingar og verndað rétt þeirra og um leið, eins og önnur samtök iðnaðarins, verið iðnfræðslufirvöldum ráðgefandi, þegar eftir er leitað. Nauðsyn samráðs við samtök iðnnema um framkvæmd iðnfræðslulaganna hefur háttvirt Alþingi raunar viðurkennt, er það 1966 samþykkti aðild Iðnnemasambands Íslands að iðnfræðsluráði.

Eðlilegt verður að telja, að iðnfyrirtæki eða iðnmeistarar greiði að hluta fyrir því, að Iðnnemasamband Íslands geti sinnt framangreindum störfum. Gjaldi iðnfyrirtækja eða meistara í þessu skyni er líka mjög í hóf stillt. Þannig er einungis gert ráð fyrir gjaldi, sem nemur 1% af fyrsta árs lágmarkslaunum iðnnema í viðkomandi iðngrein, sem jafngildir um það bil 0.7%, ef miðað væri við meðaltals lágmarkslaun fjögurra námsára. Benda má á, að atvinnurekendur, þar á meðal iðnmeistarar, greiða margvísleg gjöld með svipuðum hætti í ýmsa sjóði verkalýðshreyfingarinnar.

Varðandi afskipti löggjafans í þessum efnum nú má minna á, að alla tíð hefur Alþingi talið það skyldu sína að tryggja iðnnemum ýmis sjálfsögð kjaraatriði, svo sem 26. gr. iðnfræðslulaganna, sem fjallar um vinnutíma iðnnema, 27. gr. iðnfræðslulaganna, sem kveður á um sumarleyfi iðnnema og greiðslur orlofs á aukavinnutekjur, 28. gr. iðnfræðslulaganna, þar sem iðnfyrirtækjum eða iðnmeisturum er gert skylt að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt lögum um almannatryggingar. Fleira mætti nefna af sama tagi, en ætti að vera óþarft. Þess má geta, þótt ekki sé um algjöra hliðstæðu að ræða, að kostnað vegna frankvæmdar laga um öryggis-
eftirlit á vinnustöðum greiða þau fyrirtæki, sem þau lög ná til.

Það kom fram fyrr í þessari greinargerð, að greiðslum iðnfyrirtækja eða iðnmeistara er mjög stillt í hóf, en þær yrðu miðað við núverandi kaupgjald u. þ. b. 800 kr., en eitthvað breytilegt eftir iðngreinum. Í þessu sambandi er rétt að taka það fram, að með þessu er ekki verið að íþyngja iðnfyrirtækjum eða iðnmeisturum með auknum fjárútlátum, ef haft er í huga, að væntanleg lög um tekju- og eignarskatt gera ráð fyrir niðurfellingu svonefndra nefskatta, og losna þá þessir aðilar við skuldbindingar sínar um að greiða sjúkrasamlags- og almannatryggingagjald fyrir nemendur sína, eins og verið hefur.

Frumvarp það, sem hér er flutt, miðar að því að auðvelda Iðnnemasambandi Íslands að halda uppi af sinni hálfu nauðsynlegu fræðslustarfi meðal iðnnema um iðnfræðslulöggjöfina og lögbundinn rétt þeirra. Hugmynd þessi var kynnt á síðasta þingi Iðnnemasambands Íslands og fékk góðar undirtektir. Einnig hefur stjórn sambandsins verið kynnt málið og hún lýst stuðningi sínum við það.